

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Blönduósi.

Undraveröld við Blöndubakka, fjölskyldu- og skemmtigarður.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Blönduóssbæjar þann 4. apríl 2006 samþykkt deiliskipulag fyrir Undraveröld við Blöndubakka, fjölskyldu- og skemmtigarð. Deiliskipulagssvæðið er um 16 ha lands, sem afmarkast af Norðurlandsvegi að norðan, Svínvetningabraut að austan, lóð í eigu Blönduóssbæjar að sunnan og brekkurótum að vestan. Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Blönduósi, 4. maí 2006.

Jóna Fanney Friðriksdóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 22. maí 2006